



FLUGMÁLASTJÓRN

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127, 2002  
komudagur 13.3.2002

Reykjavíkflugvöllur  
101 Reykjavík  
Sími 569 4100 · Fax 562 3619  
www.caa.is · fms@caa.is

Alþingi v/Austurvöll  
Allsherjarnefnd  
b.t. Hildar Njarðvík  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor

Dags.

7. mars 2002

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á alm. hgl. o. fl.

Vísað er til framlagðs frumvarps um breytingu á almennum hegningarlögum og lögum um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk) sem lagt var fram á Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002.

Flugmálastjórn hefur eftirfarandi athugasemdir við 5. tl. a-liðar 2. gr. í frumvarpinu: Í liðnum er vísað til 2. mgr. og 3. mgr. 183 gr. (almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum) sem hlýtur að vera misritun þar sem augljóslega er um að ræða 165 gr. laganna.

Þá er í 5. tl. tekið upp orðalagið "flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð" sbr. 3. mgr. 165 gr. alm. hgl. Flugmálastjórn vill mælast til þess að orðin "ætlaðri alþjóðlegri flugumferð" verði felld brott í 5 tl. a-liðar 2. gr. frumvarpsins og í 3. mgr. 165. gr. alm. hgl. Núverandi 3. mgr. 165. gr. alm. hgl. kom inn með lögum nr. 16/1990 vegna staðfestingar Íslands á bókun frá 1988 við Montreal samninginn frá 1971 (sem fjallar um brot sem beinast gegn öryggi flugsamgangna s.s. ofbeldis- og skemmdarverk) um ofbeldisverk í flughöfnum ætluðum alþjóðlegri flugumferð. Í núverandi frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum er tilgangur þess og forsaga rakin. Sérstök tilvísun er til hryðjuverkanna sem framin voru í Bandaríkjunum 11. september 2001, hörð viðbrögð ríkja heims og þá hvatningu um að leita allra tiltækra leiða til að vernda öryggi borgara og efla varnir gegn hryðjuverkum. Með þetta í huga má telja að æskilegt að sá greinarmunur sem núverandi lög byggja á milli flughafna sem þjóna alþjóðlegri flugumferð og flughafna sem þjóna innlendri flugumferð sé afduminn.

Þá má einnig íhuga hvort síðasti málsliður 4. tl. 6. gr. hgl. eigi ennþá við, þ.e. að mál skuli aðeins höfða að fyrirskipun dómsmálaráðherra fyrir brot gegn 2., 3. og 4. mgr. 165. gr. sbr. niðurlag greinargerðar um 1. gr. frumvarps um breytingu á alm. hegningarlögum (staðfesting Montreal samningsins frá 1971) sem síðar varð að lögum nr. 41/1973 (...Vitaskuld hefur tilvísunin til Montreal samningsins ekki gildi til hlítar, fyrr en hann hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu. Rétt þykir að slá við þann varnagla, að mál skuli því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra mæli svo fyrir, sbr. og 4. gr. 1. tl. hgl.).

Virðingarfyllt

*Astríður S. Thorsteinsson*

Astríður S Thorsteinsson

Samrit sent Samgönguráðuneyti